

Fundargerð

Aðalfundur Félags háskólakennara við ríkisháskóla haldinn miðvikudaginn 24. maí 2023 kl. 15–17

í Námu, EHÍ, Dunhaga 7, Reykjavík og Teams

Pétur Henry Petersen, formaður félags prófessora við ríkisháskóla (FPR), setti fundinn kl. 15.05. Samtals voru 46 félagar á fundinum, um helmingur var á staðnum og aðrir á Teams. Formaður lagði til að Sigurveig H. Sigurðardóttir yrði kosin fundarstjóri og var það samþykkt.

Fundarstjóri þakkaði traustið og tók við fundarstjórn.

Fundarstjóri lagði til að Lilja Þorgeirsdóttir framkvæmdastjóri FPR yrði ritari fundarins og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tilkynnti að fundurinn væri lögmætur og löglega til hans boðað.

Því næst var gengið til dagskrár aðalfundar.

Dagskrá aðalfundar samkvæmt 4. gr. laga félagsins er eftirfarandi:

1. Lögð fram ársskýrsla stjórnar.
2. Lagður fram ársreikningur, gerður af löggildum endurskoðanda og yfirfarinn og áritaður af skoðunarmönnum.
3. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
4. Ákveðið félagsgjald sbr. 6. gr.
5. Stjórnarkjör, sbr. 8. gr.
6. Kosin kjörnefnd sbr. 8. gr.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

1. Ársskýrsla stjórnar.

Fundarstjóri gaf Pétri Henry Petersen formanni FPR orðið. Hann fór yfir það helsta sem hefur verið í gangi hjá félaginu á starfsárinu 2022–2023. Fyrir nánari upplýsingar vísaði hann í skýrslu stjórnar sem send var félagsfólki fyrir fundinn og er á heimasíðu félagsins.

Stjórn FPR starfsárið 2022–2023 skipuðu:

Pétur Henry Petersen HÍ, formaður
Hólmfríður Garðarsdóttir HÍ, varaformaður
Grétar Þór Eypórsson HA, gjaldkeri
Engilbert Sigurðsson HÍ, meðstjórnandi
Guðný Björk Eydal HÍ, meðstjórnandi
Ingibjörg Svala Jónsdóttir HÍ, meðstjórnandi
Ólafur Páll Jónsson HÍ, meðstjórnandi
Þóroddur Bjarnason HÍ, meðstjórnandi

Byrjað var á því að fara yfir tölulegar upplýsingar um fjölda virkra félaga sem starfa hjá ríkisháskólunum en þeir eru 372 talsins. Hlutfall kvenna er 37% en þegar aldurshóparnir eru skoðaðir er hæsta hlutfallið meðal kvenna á aldrinum 40–49 ára eða 39%. Meðalaldur félagsfólks er 57,5 ár.

Breytingar á starfsemi félagsins kynntar: Helstu breytingar á starfseminni eru að fundir félagsins eru í auknum mæli rafrænir og/eða blandaðir. Einnig hafa verið kynningar í streymi. Félagshófundur var í mars sem var bæði staðfundur og á Teams. Félagið var einnig með opinn rafrænan fund um kjarasamninginn í maí. Í kjölfarið var kosið um samninginn í fyrsta sinn í gegnum kosningakerfi BHM. Til að auka upplýsingaflæði hafa fundargerðir stjórnar verið gerðar opinberar á vefsíðu félagsins. Formaður tók einnig upp myndbönd þar sem hann lýsti sýn sinni á starf félagsins, greiningum á kjörum, verkefnaíðuðum rýmum og launasetningu.

Framkvæmdastjórnarskipti urðu á tímabilinu. Kristín Færseth lét af störfum vegna aldurs eftir um 14 ára starf og er mikill missir af hennar reynslu og þekkingu. Í staðinn var Lilja Þorgeirsdóttir ráðin í starfið.

Skrifstofa félagsins hefur verið á 2. hæð á Hótel Sögu en flutti á 3. hæð fyrir skömmu, en aðstæður þar eru ekki góðar vegna framkvæmda. BHM stefnir að því að flytja úr Borgartúni 6 í annað húsnæði. Stjórn FPR tók vel í það að skoða möguleikann á því að flytja með BHM. Kostirnir eru fjölmargir við það en þá mun skrifstofan flytja af háskólasvæðinu. Formaður hvatti fólk til að leita til skrifstofunnar bæði símleiðis og í tölvupósti.

Húsnæðismál og starfsaðstaða félagsfólks: Ályktun liggur fyrir á fundinum sem kynnt verður undir liðnum um önnur mál. Formaður kynnti bakgrunn málsins. Fjármála- og efnahagsráðuneytið setti stefnu um áherslur og viðmið í húsnæðismálum stofnana og Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) gaf út ritið „Leiðbeiningar um þróun húsnæðis og starfsaðstöðu ríkisaðila“. Þá urðu breytingar á reiknilíkani HÍ við útreikning á kostnaði vegna húsnæðis með stofnun fasteignafélags HÍ 2021 sem allar fasteignir renna inn í. Breytingarnar hafa leitt til þess að kostnaður vegna húsnæðis er orðinn sýnilegri. Samkvæmt leiðbeiningum FSR eiga öll opinber vinnurými að vera verkefnaíðuð og því ekki hægt að vera með einkaskrifstofu nema í sérstökum undantekningartilvikum.

Spurningin er um sjálfstæði HÍ, hvort skólinn sé bundinn af reglum og leiðbeiningum ríkisins og hvort HÍ geti sótt um undanþágu frá reglunum en skiptar skoðanir eru á því innan stjórnarsýslunnar. Mikilvægt er að skoða eðli starfa og hafa í huga að ein stærð hentar ekki öllum. Huga þarf sérstaklega að þörfum akademíks starfsfólks og hlutverki háskóla.

Þeir ytri ráðgjafar sem hafa unnið að þessum málum með HÍ hafa ekki getað sýnt fram á kosti verkefnaíðaðs rýmis og ánægju starfsfólks. Þær rannsóknir sem formaðurinn hefur kynnt sér sýna fram á að opin rými leiða til skorts á næði sem getur leitt til minni gæða, vellíðunar, ánægju og helgunar í starfi. Fólk fer í auknum mæli að vinna heima ef það hefur aðstöðu til þess en hér koma jafnréttissjónarmið einnig inn. Hann benti á Facebook hóp undir heitinu Aðgerðir gegn „verkefnaíðuðum“ vinnurýmum í háskólum. Þar er að finna tengla inn á rannsóknir um málið.

Formaðurinn telur að hér sé um kjaramál að ræða, það hefur áhrif á nýliðun erlendis frá, er jafnréttismál og ef framleiðni minnkar hefur það neikvæð áhrif á möguleika á erlendum styrkjum sem dæmi. Þá nefndi hann áhrif á almenna heilsu starfsfólks þar sem opin vinnurými geta haft neikvæð áhrif á mismunandi hópa.

Kjaramál: Lífeyriskerfi opinberra starfsmanna var umbreytt árið 2016 og samningur undirritaður af formanni BHM um jöfnun launa á milli markaða. Lítið hefur gerst síðan þá fyrr en nú í vetur. Þá var gert áfangasamkomulag um að bæta kjör ákveðinna starfshópa. Kom það verulega á óvart að prófessorum var haldið utan við samkomulagið, en það voru mikil vonbrigði. Um er að ræða mikilvægt hagsmunamál.

Varðandi nýgerðan kjarasamning, sem er skammtímasamningur með gildistíma frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024, lenti rúmlega helmingur félagsfólks FPR í hámarki launahækkunar og fékk því lægri prósentuhækkun en almennt var samið um. Samhliða var þó gerð breyting á stofnanasamningi HÍ og FPR þann 8. maí með gildistíma frá 1. júlí. Hinir ríkisháskólarnir eru tilbúnir að skrifa undir á næstunni. Breytingin er lækkun á stigamörkum fyrir launaprep 5 og 6 sem gildir fyrir B-E hluta matskerfisins. Í því felst ákveðin leiðrétting, sérstaklega til margra er fengu ekki fulla prósentuhækkun. Einnig var með þessari breytingu komið til móts við kröfur félagsins um aukna umbun fyrir stjórnun.

Í kjarasamningnum var skrifað undir sameiginlega bókun stéttarféлага háskólastigisins, FPR, FH og FHA, um að frekari greininga væri þörf á kostnaði akademíks starfsfólks vegna langskólamenntunar og starfsnáms. Félögin munu hafa frumkvæði að slíkri greiningu og verður KMR innan handar með því að veita aðgang að gögnum. Niðurstöðurnar verða kynntar á sameiginlegum fundi í síðasta lagi í janúar 2024. Þessi bókun er í fyrsta sinn sem félög akademíks starfsfólks opinberu háskólanna koma sameinuð fram gagnvart viðsejendum.

Kosið var um samninginn dagana 15.–18. maí og var kosningabátttaka 57%. Samningurinn var samþykktur með 80% atkvæða.

Starfsþróunarsjóður prófessora: Formaður sjóðsins er Gísli Már Gíslason og starfsmaður sjóðsins er Lilja Þorgeirsdóttir. Fjöldi umsókna árið 2022 voru 186 talsins en fjölgunin er farin að nálgast það sem var fyrir Covid. Í starfsreglum sjóðsins kemur fram að fundir stjórnar sjóðsins skuli vera að lágmarki þrisvar á ári. Styrkir eru greiddir eftir á og fólk þarf oft og tíðum að leggja út umtalsverðar fjárhæðir. Fram kom ósk um að stytta ferli umsókna og samþykkti stjórn að fjölga úthlutunarfundum í allt að 10 á ári.

Félagsstörf: Kjaramálin vógu þungt á starfstímabilinu. Undirbúningur kjaraviðræðna hófst á því að útbúa kröfugerð félagsins í aðdraganda kjarasamninga. Hún var send félagsfólki með ósk um athugasemdir og í kjölfarið var hún fullgerð. Í henni var kröfum skipt í kjaramál og aðstöðumál, þ.e. aukið álag á félagsfólk og hvernig mætti bregðast við því.

Á tímabilinu var félagið með félagsfund þann 16. mars í Veröld húsi Vigdísar og einnig á Teams. Efni fundarins voru kjaramál, kjarasamningar og kröfugerð FPR. Formaður fór yfir kröfugerð félagsins og Vilhjálmur Hilmarsson hagfræðingur BHM kynnti stöðuna í kjaraviðræðum BHM við ríkið, m.a. jöfnun launa milli markaða. Félagið var einnig með rafrænan kynningarfund um kjarasamninginn þann 15. maí. Formaður kynnti samninginn og var upptaka frá fundinum ásamt glærum sett á heimasíðu félagsins til upplýsinga. Í kjölfarið var kosið um samninginn. Þá var formaður með tvær rafrænar kynningar á netinu um kjaramál og áherslur í þeim efnum.

Haldnir voru 17 stjórnarfundir FPR og eru fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Jafnframt voru fundir með rektorum háskólanna á tímabilinu ásamt öðrum háskólafélögum.

Formaður sagði frá nefndum og ráðum sem stjórn skipaði í á starfstímabilinu.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir prófessor var skipuð sameiginlegur fulltrúi FPR og FH í ráði um málefni fatlaðra við HÍ. Amalía Björnsdóttir prófessor var skipuð fulltrúi FPR í síðanefnd HÍ.

Í samninganefnd félagsins voru eftirtaldir: Pétur Henry Petersen formaður, Hólmfríður Garðarsdóttir, Lilja Þorgeirsdóttir, Þóroddur Bjarnason (í upphafi) og Ólafur Páll Jónsson (í lokin).

Trúnaðarfólk félagsins eru fulltrúar í stjórn félags FPR. Þá skipa LBHÍ og Háskólinn á Hólum sinn hvorn trúnaðarmanninn og eru nöfn þeirra á heimasíðu félagsins.

Stjórn skipaði kjörnefnd félagsins sem starfaði fram að þessum aðalfundi samkvæmt bráðabirgðaákvæði í breyttum lögum félagsins sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi. Eftirtaldir voru skipaðir í nefndina;

Engilbert Sigurðsson, Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Steinunn Hrafnisdóttir. Aðalfundur kýs nýja kjörnefnd til þriggja ára og þannig verður það í framtíðinni. Starfsmaður kjörnefndar er Lilja Þorgeirsdóttir.

Önnur mál: Norrænir fundir háskólafélaganna eru árlegir fundir þar sem fagfélögin á Norðurlöndum hittast. Árið 2022 var fundur í Kaupmannahöfn. Umræðan þar snérist mikið um akademískt frelsi og aðför að því. Næsti fundur verður á Íslandi í júní og er hann í umsjá FPR og FH. Að þessu sinni er áherslan á laun og launakjör ásamt mati á gæði kennslu og vísinda.

Reglum um lífeyri LSR-A deild hefur verið breytt sem kemur niður á fólki sem er í langskólanámi þar sem réttindaávinnslan er lægri hjá þeim sem hefja söfnun seinna. Þessu til viðbótar kemur til lækkun á lífeyri vegna hækkandi lífaldurs. Félagið hefur fylgst með gangi mála og er í sambandi við BHM um hugsanleg viðbrögð.

Í síðustu samningum var samið um **kennsluafslátt** til að prófessorar geti beint orku sinni í auknum mæli að rannsóknum eða stjórnun. Í ljós hefur komið nokkur óvissa um meðferð kennslu umfram vinnuskyldu hjá félagsfólki sem nýtur kennsluafsláttar. Útfærslur liggja fyrir hjá HÍ um meðferð slíkra mála. Hjá HA er útfærsla tilbúin en það á eftir að skrifa undir hana. Þetta eru í raun sömu útfærslur, ef kennsluyfirvinna er unnin er hægt að flytja hana á milli ára. Til að það sé hægt þarf að gera sérstakt samkomulag um það fyrirfram.

Snjallsímar eru nauðsynlegir fyrir prófessora til að komast að gögnum sínum hjá háskólunum. Reglur um símakaup eru mismunandi á milli skóla og eru þær utan kjarasamninga. Hjá HÍ er búið að rýmka reglurnar á þann hátt að prófessorar geta nýtt sér rannsóknarpeninga til að fjármagna kaup á snjallsíma fyrir 50 þús.kr. árlega eða 150 þús.kr. á 3 ára fresti. Ágætt er að reglur séu rýmkaðar en bagalagt að taka af rannsóknarfé. Vonast er til þess að í framtíðinni komi sérstakt fjármagn til að mæta kostnaði vegna snjallsíma.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir sína yfirferð og opnaði fyrir spurningar um skýrslu stjórnar. Efnisleg umræða um skýrsluna var beint undir liðinn um önnur mál.

2. Ársreikningur 2022.

Grétar Þór Eypórsson gjaldkeri félagsins og Lilja Þorgeirsdóttir framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir ársreikningum félagsins fyrir árið 2022.

Endurskoðandi félagsins, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir hjá Endurskoðun og reikningshaldi ehf., og skoðunarmenn félagsins, þeir Brynjólfur Sigurðsson og Jónatan Þórmundsson, voru búnir að undirrita hann ásamt stjórn FPR.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afgangur af rekstri félagsins 5,9 m.kr. á árinu 2022 samanborið við 10,1 m.kr. árið áður. Lækkun á milli ára er vegna hærri útgjalda. Tekjur í formi félagsgjalda voru 33,5 m.kr. sem er hækkun frá árinu áður um 1,2 m.kr. Rekstrargjöldin hækkuðu um rúmar 5,4 m.kr. á milli ára sem skýrist að mestu leyti af því að laun og launatengd gjöld hækkuðu um 2,7 m.kr., meðal annars vegna hækkunar ársverka við framkvæmdastjóraskiptin. Þóknun til stjórnar hækkaði einnig þar sem fleiri fundir voru haldnir vegna kjarasamninga sem dæmi. Kostnaður af félagsstarfsemi hækkaði um tæpar 2 m.kr. á milli ára þar sem hún jókst eftir Covid. Þá hækkuðu aðildargjöldin til BHM um rúmar 500 þús.kr. milli ára. Þegar búið er að taka tillit til fjármunatekna er afgangurinn af rekstri félagsins 6,5 m.kr.

Efnahagsreikningurinn sýnir að eigið fé félagsins var í lok árs 46 m.kr. sem er hækkun frá árinu áður um rúmar 8 m.kr.

Hvað varðar rekstrarreikning Starfsþróunarsjóðs þá hækkuðu framlög í sjóðinn örlítið á milli ára eða um rúmar 800 þús.kr. á meðan úthlutaðir styrkir hækkuðu umtalsvert, úr tæpum 5 í 27 m.kr. Ástæðan er fyrst og fremst fjölgun á styrkumsóknum úr 53 í 186 þar sem ráðstefnum og viðburðum var ýmist frestað eða féllu niður á árinu 2021 vegna Covid. Þá voru fleiri stjórnarfundir á árinu af sömu ástæðu. Þetta skýrir lækkan á rekstrarafgangi sjóðsins á milli ára úr 35,7 í 13,2 m.kr. Sjóðurinn á samkvæmt efnahagsreikningi 94 m.kr. en var 79 m.kr. árið áður.

Fundarstjóri þakkaði fyrir yfirferðina á ársreikningnum og opnaði fyrir umræðu um þá.

Fyrirspurnir og umræður: Fram kom ánægja með að umsóknum í Starfsþróunarsjóðinn hafi fjölgað og vonast var til að fólk héldi áfram að nýta sér sjóðinn til að efla rannsóknir og samstarf. Þá geta skólar og stofnanir sótt í sjóðinn en hafa ekki nýtt sér það.

Fundarstjóri bar ársreikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

3. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.

Fundarstjóri tilkynnti að engar tillögur lægju fyrir fundinn.

4. Ákveðið félagsgjald sbr. 6. gr.

Stjórn félagsins lagði til að félagsgjaldið yrði áfram óbreytt, sem er 0,8% af launum félagsfólks. Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um óbreytt félagsgjald og var hún samþykkt.

5. Stjórnarkjör sbr. 8. gr.

Fundarstjóri gaf kjörnefnd félagsins orðið. Ingibjörg Svala Jónsdóttir sagði frá starfi kjörnefndar.

Ingibjörg Svala upplýsti að stjórn skipaði kjörnefnd tímabundið fram að aðalfundi samkvæmt bráðabirgðaákvæði í breyttum lögum félagsins sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi. Í kjörnefnd voru auk hennar þau Engilbert Sigurðsson og Steinunn Hrafnadóttir.

Að þessu sinni er verið að kjósa samkvæmt nýjum lögum sem var breytt á síðasta aðalfundi. Kjósa þarf í öll embætti samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögnum. Fjórir fulltrúar eru kosnir til eins árs og fjórir til tveggja ára til að ekki þurfi að kjósa í öll embætti á næsta ári.

Í fundarboði aðalfundar var tilkynnt um framboðsfrest til 1. apríl. Næg framboð bárust og þegar búið var að heyra í öllum frambjóðendum röðuðust þeir niður í öll embætti. Framboðin dreifðust vel á milli mismunandi fræðasviða. Upplýsingar um frambjóðendur voru sendar út með fundargögnum viku fyrir fundinn.

Þá var komið að kosningu fulltrúa í stjórn félagsins.

Kosning formanns til tveggja ára.

Einn fulltrúi gaf kost á sér til formanns félagsins til tveggja ára:

- Sigrún Ólafsdóttir, Félagsvísindaviði HÍ
- Kjör hennar var samþykkt með lófaklappi.

Kosning þriggja meðstjórnenda til tveggja ára.

Þá var gengið til kjörs meðstjórnenda til tveggja ára.

Þrír buðu sig fram í þau þrjú embætti sem voru laus og voru þau eftirfarandi:

- Ólafur Páll Jónsson, Menntavísindasviði HÍ
- Ragna Benedikta Garðarsdóttir, Heilbrigðisvísindasviði HÍ

- Zophonías Oddur Jónsson, Verkfræði- og Náttúruvísindasviði HÍ
Þau voru sjálfkjörin með lófaklappi.

Kosning fjögurra meðstjórnenda til eins árs.

Þá var gengið til kjörs meðstjórnenda til eins árs í þau fjögur embætti sem voru laus.

Eftirtalin buðu sig fram:

- Grétar Þór Eyþórsson, Viðskiptafræðideild HA
- Guðný Björk Eydal, Félagsvísindasviði HÍ
- Hólmfríður Garðarsdóttir, Hugvísindasviði HÍ
- Þóroddur Bjarnason, Félagsvísindasviði HÍ

Þau voru sjálfkjörin með lófaklappi.

6. Kosin kjörnefnd sbr. 8. gr.

Kosið var í þriggja manna kjörnefnd til þriggja ára.

Þau sem eru í kjörnefnd gáfu öll áfram kost á sér og voru þau eftirfarandi:

- Engilbert Sigurðsson, HÍ
- Ingibjörg Svala Jónsdóttir, HÍ
- Steinunn Hrafnadóttir, HÍ

Þau voru sjálfkjörin með lófaklappi.

7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Tveir gáfu kost á sér sem skoðunarmenn reikninga til eins árs. Þeir voru eftirfarandi:

- Jónatan Þórmundsson
- Brynjólfur I. Sigurðsson

Þeir hafa verið skoðunarmenn félagsins um árabíl. Kjör þeirra var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Ingibjörg Svala lauk máli sínu með því að þakka öllum þeim sem buðu sig fram til starfa fyrir félagið kærlega fyrir það.

Fundarstjóri þakkaði Ingibjörgu Svölu fyrir og kjörnefnd sem heild fyrir vel unnin störf. Hún óskaði nýjum formanni, stjórn félagsins og öðrum kjörnum fulltrúum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi.

8. Önnur mál.

Tvær ályktanir lágu fyrir sem sendar voru félagsfólki til kynningar viku fyrir fundinn.

a) Ályktun stjórnar FPR um húsnæðismál.

Fyrst var tekin fyrir ályktun stjórnar FPR um húsnæðismál.

Fundarstjóri gaf formanni orðið sem fylgdi henni úr hlaði. Hún var svohljóðandi:

„Félag prófessora við ríkisháskólana

Ályktun um húsnæðismál á aðalfundi félagsins 24. maí 2023

Aðalfundur Félags prófessora haldinn 24. maí 2023 hvetur háskólayfirvöld til að beita sér fyrir því að Háskóli Íslands, sem og aðrir opinberir háskólar, fái svigrúm til að tryggja akademísku starfsfólki skrifstofur svo það geti skilað gæðastarfi. Þá ítrekar fundurinn mikilvægi þess að háskólar séu sjálfráða um tilhögun eigin húsnæðis, enda sé þar um að ræða mikilvægan þátt í sjálfstæði háskólanna.

Akademískt starfsfólk sinnir rannsóknum, kennslu og stjórnun. Skrifstofur þess eru notaðar sem næðisrými við rannsóknarstörf og umsóknir um styrki til rannsókna, en einnig eftir atvikum sem fundaraðstaða með samstarfsfólki á stað- og fjarfundum, með nemendum og sem vinnustöð fyrir samstarf af ýmsu tagi. Einnig eru próf samin og farið yfir próf á skrifstofum. Erlendar rannsóknir hafa

sýnt fram á að svokölluð verkefnaíðuð vinnurými henta mun síður en skrifstofur í háskólastarfi og hafa háskólar horfið frá slíku fyrirkomulagi eftir slæma reynslu.

Rannsóknir sýna að verkefnaíðuð rými hafa neikvæð áhrif á afköst og veikindatíðni eykst. Þá hafa þau neikvæð áhrif á starfsánægju og samskipti starfsfólks. Innleiðing slíkra rýma gengur því gegn áherslum í stefnu Háskóla Íslands, HÍ26, þar sem vellíðan nemenda og starfsfólks er höfð að leiðarljósi. Mikilvægt er að ákvarðanir um ráðstöfun húsnæðis háskóla séu byggðar á gagnreyndri þekkingu um hvernig starfsaðstaða styður best við það gæðastarf sem þar á að fara fram.“

Greinargerð fylgdi með ályktuninni og kemur þar meðal annars fram að rannsóknir sýna fram á að opin- og verkefnaíðuð vinnurými hafi slæm áhrif á heilsu, starfsanda og afköst akademísku starfsfólks.

Formaður skýrði frá ályktuninni og sagði að hún snerti flest það sem skiptir máli í húsnæðismálum og starfsaðstöðu prófessora. Í ályktuninni eru háskólayfirvöld hvött til að beita sér fyrir því að opinberir háskólar fái svigrúm til að tryggja akademísku starfsfólki skrifstofur svo það geti skilað gæðastarfi.

Húsnæðismálin hafa verið lengi til umræðu. Þann 17. mars 2022 var ályktun þess efnis samþykkt á félagsfundum FPR þar sem félagið lýsti eindreginni andstöðu við hugmyndir um opin vinnurými og sveigjanlegar starfsstöðvar. Þá var talað um opin rými en núna heita þau verkefnaíðuð rými. Aðalfundur Félags háskólakennara samþykkti ályktun um húsnæðismál HÍ þann 11. maí 2023 þar sem lögð er áhersla á að akademísku starfsfólki standi til boða einkaskrifstofur.

Háskólaþing HÍ samþykkti ályktun þann 26. apríl 2023 þar sem kemur skýrt fram að akademísku starfsfólki skuli standa til boða einkaskrifstofur sem tryggja gott næði í störfum þeirra. Mikilvægt er að háskólinn gefi ekki eftir hagsmuni starfsfólks um einkaskrifstofur sem eru að lágmarki 7 fm að stærð, sem er ekki mikið. Fram kom á háskólaþingi að skrifstofa sem gerir það að verkum að fólk geti sinnt sínu starfi svo vel sé kostar ekki mikið í samanburði við launakostnað sem ætti að hafa í huga þegar húsnæðismál eru til umfjöllunar.

Formaður hvatti félagi til að samþykkja ályktunina.

Fundarstjóri gaf orðið laust um ályktunina.

Nokkrir tóku til máls. Rætt var um kosti einkaskrifstofu og jafnrétti á milli sviða og deilda í þeim efnum. Einnig var rætt um nauðsyn þess að skoða málið faglega svo og nýtingu á skrifstofum.

Fundarstjóri þakkaði góðar umræður. Þar sem ekki kom fram bein tillaga um breytingu á ályktuninni var hún borin upp til afgreiðslu.

Að þessu sinni var ákveðið að nota nýja tækni við kosningarnar með því að kjósa rafrænt með kosningakerfi Outcome með aðstoð BHM. Andri Valur Ívarsson lögfræðingur BHM, sem var á Teams, sendi slóð sem fólk fór inn á í símanum sínum eða tölvunni til að kjósa. Aðferðin hentar vel þegar fólk óskar eftir leynilegri kosningu.

Niðurstaða kosninga var á þessa leið: Ályktunin var samþykkt. 31 samþykktu hana. Einn var á móti.

b) Ályktun um launasetningu prófessora.

Þá var tekin til umræðu ályktun um launasetningu prófessora sem var undirrituð af Pétri Henry Petersen formanni og fleiri aðilum. Fundarstjóri gaf formanni orðið sem fylgdi henni úr hlaði en ályktunin var svohljóðandi:

Launasetning prófessora – ályktun fyrir aðalfund FPR 24 maí. „Aðalfundur FPR ályktar að stjórn FPR skuli skipa strax starfshóp er greini vandlega hvort ómálefnaleg mismunun felist í launasetningu félagsfólks. Hér er átt við aldur við framgang, heildarævilaun eða svipað, greiðslur úr ritlaunasjóði, tíma í hverjum launaflokki/prepi og þá mun milli kynja og mismunandi birtingarhefða. Starfshópurinn kynni greiningu sína á félagsfundum í nóvember 2023 og geri í kjölfarið tillögur fyrir 10. desember 2023 að breytingum á stofnanasamningum félagsins og samningi um ritlaunasjóð.“

Með ályktuninni fylgdi greinargerð ásamt rökstuðningi.

Í kynningu kom fram að munur á launasetningu félagsfólks væri að mati formannsins ómálefnalegur. Kerfið hefði orðið til við aðrar aðstæður en eru núna og hefði þróast í þá átt að mismuna félagsfólki. Hann lagði áherslu á mikilvægi málsins og sagði að um 10% félagsfólks hefði skrifað undir ályktunina.

Fundarstjóri gaf orðið laust um ályktunina.

Guðný Björk Eydal og Þóroddur Bjarnason báru upp eftirfarandi breytingatillögu:

„Aðalfundur FPR ályktar að stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla leiti eftir samstarfi við Félag háskólakennara við HÍ og Félag háskólakennara við HA um skipun starfshóps sem greini hvort ómálefnaleg mismunun felist í launasetningu félagsfólks. Hér er átt við aldur við framgang, heildarævilaun eða svipað, greiðslur úr vinnu- og ritlaunasjóðum, tíma í hverjum launaflokki/prepi og mun milli kynja og mismunandi birtingarhefða. Niðurstöður þessarar vinnu verði nýttar við útfærslu kjarasamninga og stofnanasamninga opinberra háskóla á næsta ári.“

Þóroddur færði rök fyrir breytingatillögunni. Þau styðja við þá tillögu að greining verði gerð. Þau leggja til að stjórn FPR verði falið að tala við önnur félög háskólakennara um málið þar sem kerfið hefur ekki síður áhrif á framgang lektora og dósentna. Þá vilja þau ekki binda niður ákveðnar dagsetningar og að það verði gerðar breytingar á kerfinu þegar greiningunni er lokið sem á eftir að koma í ljós en að niðurstöðurnar verði nýttar við útfærslu kjarasamninga og stofnanasamninga á næsta ári. Þau telja tillögu sína betri útfærslu á þeirri hugmynd sem fram kemur í ályktuninni sem hér er lögð fram.

Formaður fékk orðið. Hann taldi breytingatillöguna veikari þar sem skiladagsetningar vantar. Hann taldi ályktunin ekki binda hendur fólks. Hann upplýsti að á stjórnarfundum FH hefði verið samþykkt að ef ályktunin yrði samþykkt hefði félagið áhuga á því að koma að samstarfshópi um málið. Hann taldi einnig rétt að bjóða FHA í hópinn. Að lokum sagðist hann ekki sjá neitt í breytingatillögunni sem bætti einhverju við ályktunina.

Umræður voru um málið og tóku nokkrir til máls.

Fram kom að heildarendurskoðun á matskerfi ríkisháskólanna hefði verið gerð og einnig endurskoðun á reglum ritlaunasjóðs. Þá framkvæmdi HÍ könnun meðal starfsfólks þar sem meðal annars var spurt um matskerfið. Fram kom mikil ánægja með kerfið og þar af leiðandi talið að það væri fámennur hópur sem væri óánægður. Einnig kom fram að þegar kerfið var stofnað á sínum tíma hefði verið lagt upp með jafnréttissjónarmið í huga og að svo væri enn. Þrátt fyrir það er það ekki rétt að mismunandi greinar og kyn sitji við sama borð og að skýrslur sanni það. Formaður lýsti yfir undrun á því að einhver gæti verið á móti því að gera greiningu til að fá skýrara stöðumat.

Þá lagði Þóroddur Bjarnason fram dagskrártillögu um að í ljósi þess að komið væri fram yfir boðaðan fundartíma og fundargestir væru farnir að yfirgefa fundinn yrði ályktuninni og breytingartillögunni báðum vísað til stjórnar til frekari skoðunar og úrvinnslu.

Fundarstjóri bar undir fundinn að ályktuninni og breytingartillögunni yrði vísað til stjórnar til frekari úrvinnslu.

Óskað var eftir leynilegri atkvæðagreiðslu og var kosið rafrænt. Niðurstaða atkvæðagreiðslu var á þessa leið: Tillagan var samþykkt. Þau sem samþykktu voru 24 talsins. Þau sem samþykktu hana ekki voru sjö talsins.

Fundarstjóri sagði að það væru ekki fleiri mál á dagskrá undir liðnum um önnur mál.

Lokaorð og fundarslit.

Pétur Henry þakkaði fyrir sig. Sagði að starfið hefði verið mjög skemmtilegt árið sem hann var formaður. Það væri hollt að geta tekist á málefnalega, hann hefði kynnst skemmtilegu fólki og lært margt. Hann sagðist verða á hliðarlínunni með Rúnari Vilhjálmsyni forvera sínum.

Pétri Henry fráfarandi formanni var þakkað fyrir sín störf í þágu félagsins og einnig Ingibjörgu Svölu Jónsdóttur og Engilbert Sigurðssyni sem eru einnig að hætta í stjórn. Þau munu þó starfa áfram fyrir félagið sem fulltrúar í kjörnefnd. Andra Val Ívarssyni var þakkað fyrir aðstoð við kosningarnar.

Fundarstjóri þakkaði öllum fyrir góðan og málefnalegan fund og þakkaði í lokin fyrir sig og sagði að sínu hlutverki væri hér með lokið. Hún óskaði nýrri stjórn til hamingju með kjörið og gaf Sigrúnu Ólafsdóttur nýjum formanni orðið og að slíta fundi.

Sigrún nýkjörin formaður þakkaði fyrir sig og sagðist hlakka til að starfa í félaginu og takast á við þau verkefni sem væru fram undan í góðu samstarfi við félagsfólk. Hún þakkaði Pétri Henry fyrir sína vinnu og að setja sig inn í mjög mikilvæg mál sem liggja fyrir. Stóra málið eru langtímasamningar á næsta ári sem byrjað verður að vinna að nú þegar. Þá þarf að fylgja eftir þeim málun sem tekin voru fyrir á fundinum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17.22.

Fundarritari, Lilja Þorgeirsdóttir.

Reykjavík, 24. maí 2023

Pétur Henry Petersen
fráfarandi formaður Félags prófessora við ríkisháskóla